

Kennari:

Hólfríður Rún Guðmundsdóttir
Sindri Þór Guðmundsson

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:

6 kennslustundir á viku

Bekkur:

5.-6. bekkur

Sögugerð og skapandi skil

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta.

Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar. Þeir þurfa jafnframt að eiga þess kost að umrita og bæta texta sína eftir því sem þurfa þykir og geta nýtt sér ýmis tiltæk hjálpartæki í því skyni.

Í smiðjunni verður unnið eftir stefnunni Læsi fyrir lífið. Læsi fyrir lífið er þróunarverkefnið og miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglíngastigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. Nemendur munu læra að nýta sér verkfæri á borð við krossorðaglímur og hugtakakort við gerð uppsetningar á texta.

Sögugerð og skapandi skil

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og viðhorf Ritun Lykilhæfni	Spjaldtölva Puppet Pals 2 Book creator Hugtakakort Sögukort Söguvegur Persónusköpun Krossorðaglíma	<p>Talað mál, hlustun og viðhorf</p> <ul style="list-style-type: none"> -Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar -Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi <p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> -Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd -Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. -Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim, -Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa, -Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu -Getur byggt upp sögu með persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap. <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> -Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla -Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það — 	Einstaklingsvinna Hópavinna Paravinna Sýnikennsla Leiðsögn
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága